

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um staðfestingu starfsreglna stjórnar Flugþróunarsjóðs, nr. 653/2016, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 6. gr. starfsreglnanna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Uppfylli umsækjandi ekki skilyrði 1. mgr. um tíðni flugferða er stjórn Flugþróunarsjóðs þó heimilt að veita umsækjanda styrk úr leiðarþróunardeild enda sé ekki um einstakt flug að ræða og styrkurinn er að mati stjórnar sjóðsins til þess fallinn að styrkja við markmið hans, sbr. 1. gr.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 14. október 2019.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Sigrún Brynja Einarsdóttir.

Heimir Skarphéðinsson.